



Fundargerð

484. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
miðvikudaginn 14. september 2022, kl.16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, varaoddviti (JÖE)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS) boðaði forföll

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP)

Arnpór Sigurðsson, 1. varamaður (AS)

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 4 síður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst. Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 483. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 10. ágúst 2022.

Farið yfir fundargerðina, varðandi lið 11, þá forfallaðist ÁHH og mætti því ekki á Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Skipulags, húsnæðis, og hafnanefnd 8. september 2022

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 2206001 – Vistgata í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir að gera veginn frá höfninni í Flatey sem liggur í gegnum eyjuna, að enda frístundabyggðar, að vistgötu. Samþykkt samhljóða.

2.2 2208013 – Úthlutun íbúðar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.3 2208014 – Ófrágengið húsnæði efri hæð Barmahlíðar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar. Samþykkt samhljóða.

2.4 2209012 – Umsókn um lóð í Flatey.

Farið yfir erindi frá Sigmanni Rafni Sigmannssyni.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Svæðisskipulagsnefnd 5. September 2022

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2209001 – Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2023 – 2026, rammaáætlun.

Sveitarstjóri lagði fram ramma að fjárhagsáætlun ársins 2023 sem byggir á forsendum úr minnisblaði frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Farið yfir rammaáætlun og henni vísað til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árin 2023 – 2026. Samþykkt samhljóða.

2. 2209002 - Rekstraryfirlit 6 mánaða.

Sveitarstjóri lagði fram rekstraryfirlit fyrstu 6 mánaða ársins 2022.

JÖE lagði fram tillögu um að haldinn verði forstöðumannafundur og þeim kynnt yfirlitið. Samþykkt samhljóða.

3. 2209014 - Yfirdráttarheimild.

Sveitarstjóri lagði fram skilmála vegna yfirdráttarheimildar á veltureikning sveitarfélagsins og óskar heimildar að taka kr. 20 millj. í yfirdráttarheimild á veltureikninginn til 30. júní 2023.

Sveitarstjórn samþykkir heimildina með undirritun skilmálanna. Samþykkt samhljóða.

4. 2209003 - Skipun fulltrúa í fulltrúaráð umhverfisvottunar Vestfjarða.

Sveitarstjórn skipar Hrefnu Jónsdóttur fulltrúa Reykhólahrepps í fulltrúaráð umhverfisvottunar Vestfjarða. Samþykkt samhljóða.

5. 2209004 - Skipun fulltrúa í samráðshóp vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey.

Sveitarstjórn skipar Hrefnu Jónsdóttur fulltrúa Reykhólahrepps í samráðshóp vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey. Samþykkt samhljóða.

6. 2209005 - Reglur barnaverndarnefndar Húnaþings vestra og samstarfssveitarfélaga um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar Samþykkt samhljóða.

7. 2209006 - Samvinna sveitarfélaga á Vestfjörðum um barnaverndarþjónustu.

Lagðar eru fram tillögur félagsmálastjóra á Vestfjörðum um barnaverndarþjónustu skv. lögum um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta og samþætting).

Sveitarstjórn fór yfir tillögurnar og list vel á þær.

8. 2209007 - Rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu.

Lögð eru fram drög að samningi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu, erindisbréf valnefndar og viðauki við samning vegna stofnunar og starfsemi umdæmisráðs barnaverndar. Samkvæmt innleiðingu á breytingum á barnaverndarlögum skulu öll sveitarfélög hafa skipað umdæmisráð fyrir 1. október nk.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í umdæmisráði barnaverndar á landsvísu og felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins og í framhaldinu undirrita samning. Samþykkt samhljóða.

9. 2209008 - Starfshópur um nýtingu vindorku.

Lagt er fram erindi starfshóps um nýtingu vindorku dags. 23. ágúst 2022. Í erindinu er óskað eftir samráði við sveitarfélagið og svörum við grundvallarspurningum sem fram koma í erindinu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara spurningunum og koma þeim á framfæri við nefndina. Samþykkt samhljóða.

10. 2209009 - Vettvangs- og fræðsluferð um hagnýtingu vindorku í Danmörku 24. – 27. október.

Boð State of Green og danska sendiráðsins á Íslandi í samstarfi við Grænvang í vettvangs- og fræðsluferð um vindorku 24. – 27. október.

Sveitarstjóra falið að kanna fjármögnunarmöguleika og áhuga. Samþykkt samhljóða.

11. 2204003 - Hönnun gatna, fráveitu og vatnsveitur við nýja hluta Hellisbrautar.

Lögð eru fram hönnunar og tilboðsgögn vegna gatna og veitna í nýja hluta Hellisbrautar, unnið af verkfræðistofunni Eflu.

Sveitastjórn samþykkir að bjóða út framkvæmdina og mun verkið verða fjármagnað með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

12. 2209010 - Samgönguáætlun umsókn um framlag vegna Reykhólafnar.

Lögð fram umsókn í samgönguáætlun fyrir Reykhólhöfn árin 2024 – 2026 til kynningar.

13. 2209011 - Rammi að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks.

Lagt fram og kynnt.

14. 2203006 - Fundargerð 204. Fundar Breiðafjarðarnefndar.

Fundargerð lögð fram.

15. 2202001 - Fundargerð 912. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

16. 2209017 – Reglur um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda.

Lagðar eru fram reglur um tímabundna niðurfellingu gatnagerðargjalda til 24 mánaða.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19.15. Fundargerðin undirrituð rafrænt.